



FRÆÐSLUNEFND BLÁSKÓGABYGGÐAR

34. fundur fræðslunefndar Bláskógabyggðar

Miðvikudagur 21. maí 2014

Reykholt

Grunnskóli (16:00 – 17:15)

Mætt: Bryndís Böðvarsdóttir formaður (BB), Axel Sæland ritari (AS), Valgerður Sævarsdóttir varaformarður (VS), Hrund Harðardóttir skólastjóri (HH), Elísabet Dröfn Erlingsdóttir fulltrúi foreldra (EDE), Hekla Hrönn Pálsdóttir fulltrúi kennara (HHP).

Forfölluð: Guðný Tómasdóttir áheyrnarfulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps (GT).

1. Innra mat og umbótaáætlun. Hrund fer yfir niðurstöður innra matsins en að þessu sinni voru spurningalistar lagðir fyrir starfsfólk grunnskólahluta. Í framhaldi af því lagði hún fram umbótaáætlun sem hún, Ingibjörg og Margrét hafa unnið. Niðurstöður og umbótaáætlun verða aðgengilegar á heimasíðu skólans í byrjun júní.
2. Akstursáætlun með tímasetningum skólabíla. Komin er áætlun frá skólabílstjórum sem verður sett á heimasíðu skólans og fylgir jafnfram með fundargerðinni sem fylgiskjal. Þetta er gert til að auðvelda bæði foreldrum og bílstjóra til að halda rétttri áætlun.
3. Ráðningar, búið er að ráða inn þrjá nýja kennara fyrir haustið, þar á meðal sérkennara í 100% starf.
4. Önnur mál

Leikskóli (17:15 – 18:15)

Mætt: Bryndís Böðvarsdóttir formaður (BB), Axel Sæland ritari (AS), Valgerður Sævarsdóttir varaformarður (VS), Júlíana Tyrfingsdóttir leikskólastjóri Álfaborg (JT), Þuríður Ágústa Sigurðardóttir fulltrúi starfsmanna Álfaborgar (ÞÁS), Hrund Harðardóttir skólastjóri (HH), Sólveig Björg Aðalsteinsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskólahluta Bláskógaskóla (SBA), Áshildur Sigurðardóttir fulltrúi foreldra (ÁS).

1. Starfsskýrsla Álfaborgar, Júlíana kynnir það sem er tilbúið er af starfsskýrslunni en ekki er hægt að klára hana þar sem beðið er eftir niðurstöðum úr úttekt menntamála-ráðuneytisins. Starfsskýrslan verður svo sett á heimasíðu leikskólans þegar hún er tilbúin.
2. Skóladagatal Bláskógaskóla – leikskóladeild, Hrund leggur fram drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2014-2015. Fræðslunefnd samþykkir það að öllu leiti.
3. Ráðningar Bláskógaskóla – leikskóladeild. Búið er að ráða inn einn starfsmann fyrir næsta skólaár og það þarf líklega að bæta við starfskraft í 50 % stöðu í viðbót. Ráðningar í Álfaborg, Júlíana segir frá því að búið sé að ráða inn leikskólakennara á Álfaborg fyrir næsta skólaár.
4. Önnur mál

- a) Júlíana fer yfir starfsmannaferð Álfaborgar sem farin var á Akureyri, starfsfólk var almennt mjög ánægt með ferðina. Einnig fór Hrund ásamt starfsfólki leikskóladeildar í kynningar ferð í leikskóla á Suðurlandi sem tókst mjög vel.